

## Etienne og Beverly Wenger-Trayner



Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun hefur haft frumkvæði að því að bjóða Etienne Wenger og Beverly Trayner til landsins í byrjun október. Þau halda sameiginlegan opinberan fyrirlestur 4.október kl. 11:05-12:05 í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Hér er kynning á erindinu:

### **Social learning spaces in landscapes of practice**

Any field of human knowledge can be seen as a landscape of different practices, each one contributing a varying perspective. Learning is then a journey through that landscape with people developing their identity in respect to different practices involved in the field. Educators facilitate learning by opening social learning spaces that help students on this journey. This suggests a new role for educators as conveners of social spaces embedded in the landscape, and an intriguing role for social media in providing new possibilities for this process. During this keynote, we review some of the principles of social learning theory and social media to address two important questions. What does it mean to create learning opportunities by opening social learning spaces that are strategically situated in landscapes of practice? How does social media change the configuration of social learning spaces, the connections of these spaces to the landscape, and the voices from the landscape that can be included?

Þau Beverly og Etienne hafa þróað áhugaverða aðferð við að halda erindi saman þar sem þau leitast við að gera flutninginn lifandi með samtali.

Eftir fyrirlesturinn bjóða þau upp á vinnustofu á Hótel Sögu (í salnum Kötlum II) kl. 13:00-15:40. Þar er gefinn kostur á að kynnst hugmyndum þeirra betur og ræða við þau. Val verður á milli þess að skoða notkun félagsmiðla (Trayner) og myndun starfssamfélaga (Wenger).

Mikill ávinningur er að kynnst kenningum um starfssamfélög og hugmyndum um notkun samfélagsmiðla í því samhengi. Þær fjalla um hvernig beita má samvinnu á markvissan hátt til að byggja upp þekkingu innan fyrirtækja, stofnana og samtaka og dreifa henni. Þessar hugmyndir hafa mikið hagnýtt gildi í tengslum við starfsþróun, nám og kennslu og hljóta að eiga erindi til fjölmargra hópa og einstaklinga innan Háskóla Íslands og utan.

Ókeypis er að sækja erindið og vinnustofurnar sem eru hluti af ráðstefnu um upplýsingatækni í fullorðinsfræðslu sem haldin er í samvinnu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, NVL (Nordic Network for Adult Education) og Menntavísindasviðs. Þeim sem hafa áhuga á að sækja alla ráðstefnuna (kl. 9-16) er bent á dagskrá og skráningu á <http://namfullordinna.is/radstefna-um-notkun-upplysingataekni-i-fullordinsfraedslu/>. Verð 3.500 kr. (Innfalið er kaffi og hádegismatur).

**Etienne Wenger** er heimspektur fyrir framlag sitt til félagslegra námskenninga (e. social learning theories). Hann vakti fyrst athygli þegar hann ásamt mannfræðingnum Jean Lave setti fram kenninguna um aðstæðubundið nám (Situated Learning: Legitimate Peripheral Participation, 1991). Þar var fyrst sett fram hugtakið starfssamfélag (e. community of practice) sem Wenger hélt síðan áfram að

þróa. Í bókinni *Communities of Practice: Learning, Meaning, and Identity* (1998) setur hann fram námskenningu sem byggð er á hugtakinu. Bók hans *Cultivating Communities of Practice* (2002) er ætluð fólki í fyrirtækjum og stofnunum sem vill byggja þekkingarstjórnun á starfssamfélögum. Í bókinni *Digital Habitats* (2009) fjallar hann svo um hvernig upplýsinga- og samskiptatækni getur nýst í starfssamfélögum. Þess má geta að Wenger á að baki meistara og doktorsnám á sviði upplýsinga- og tölvufræði. Verk hans hafa haft sívaxandi áhrif í einkageiranum jafnt sem í opinberum stofnunum. Hann hefur starfað við ráðgjöf og haldið fyrirlestra og vinnustofur fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja nýta kenningu hans í þróunarstarfi.

**Beverly Trayner** starfar sjálfstætt sem ráðgjafi. Hún hefur sérhæft sig í að aðstoða samtök við að byggja upp starfssamfélög og að stuðla að þróun samstarfsneta. Hún er frumkvöðull varðandi notkun samfélagsmiðla í þessu samhengi og hefur sérhæft sig í dreifðum samfélögum þar sem starfsemi nær til margra landa og/eða tungumála- og menningarsvæða. Hún hefur veitt mörgum alþjóðlegum stofnunum, fyrirtækjum og samtökum ráðgjöf og m.a. birt greinar um nám í dreifðum samfélögum. Hún hefur einnig tekið þátt í að hanna umhverfi með opnum hugbúnaðarlausnum fyrir samfélög á neti.

Þau Etienne Wenger og Beverly Trayner eru nú hjón og nota nafnið Wenger-Trayner. Þau hafa stofnað sameignarfélag þar sem þau leggja saman sérfræðiþekkingu sína. Hjónin hafa aðsetur í Kaliforníu en starfa um allan heim. Um starfsemi Etienne og Beverly má fræðast á vefsíðu þeirra <http://wenger-trayner.com>.

Þeir sem standa að heimsókninni eru:

Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun  
Námsbraut um nám fullorðinna  
Tungumálatorg  
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins  
NVL (Nordic Network for Adult Education)

Heimsóknin er m.a. styrkt af framlagi úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands.